

Nd. **326. Frumvarp til laga** [163. mál]

um gæðamat á æðardún.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Friðjón Þórðarson, Gísli Guðmundsson, Gunnar Gíslason, Sigurvin Einarsson, Jónas Pétursson.

1. gr.

Allur æðardúnn, sem fluttur er úr landi, skal metinn og veginn af lögskipuðum dúnmatsmönnum. Hverri dúnsendingu skal fylgja vottorð matsmanna um, að dúnninn sé metinn og veginn. Skal sýslumaður (lögreglustjóri) votta með undirskrift sinni, að lögskipaður dúnmatsmaður hafi undirritað vottorðið í viðurvist hans.

2. gr.

Ráðherra getur mælt svo fyrir, að ákvæði 1. gr. um mat og flokkun á æðardún, sem út er fluttur, skuli einnig ná til dúns, sem seldur er á innlendum markaði.

3. gr.

Allan dún skal merkja greinilega með merki útflytjanda.

4. gr.

Nánari reglur um mat, merkingu og meðferð dúnsins setur landbúnaðarráðuneytið í erindisbréfum til matsmanna.

5. gr.

Lögreglustjóri skipar dúnmatsmenn á þeim stöðum, er landbúnaðarráðuneytið telur þörf á, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

6. gr.

Matsmenn æðardúns skulu, áður en þeir taka til starfa, undirrita drengskaparheit um, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð og samvirkusemi og fylgja settum reglum. Ráðuneytið stílar þeim heitið.

7. gr.

Kaup dúnmatsmanna greiðir útflytjandi eftir nánari ákvörðun í erindisbréfi, sbr. 4. gr. Ekki mega matsmenn þiggja neina þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, eða öðrum, sem við útflutning dúnins eru riðnir, aðra en þá, sem ákveðin er í erindisbréfi. Ekki mega þeir heldur vera í þjónustu þeirra, sem flytja út æðardún.

8. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum og sæta meðferð opinberra mála.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Æðardúnn er eftirsótt vara á erlendum og innlendum markaði. Gæði hans eru á hinn bóginn misjöfn. Engar reglur eru til, er kveði á um gæðamat dúnins eða verðflokkun. Slíkar reglur eru aðkallandi, eins og bent er á í bréfi Æðarræktarfélag Íslands, sem prentað er sem fylgiskjal hér á eftir í þessu máli.

Fylgiskjal.

ÆÐARRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Það er staðreynd, að íslenzkur æðardúnn, sem nú er boðinn til sölu, hvort heldur er fyrir erlendan eða innlendan markað, er mjög svo misjafn að gæðum, en þó allur talinn í einum og sama verðflokki. Er þetta sízt fallið til þess að örva framleiðendur dúnins til þess að vanda vöru sína sem mest, þegar gera má ráð fyrir, að verð miðist við meðalgæði, þegar bezt lætur.

Einnig hefur það komið fyrir, að íslenzkur æðardúnn, sem sendur hefur verið til sölu erlendis, hefur aftur komið endursendur sem ósöluhæf vara. Geta allir séð, hverjar afleiðingar slíkt hefur í för með sér.

Á stofnfundi Æðarræktarfélag Íslands, sem haldinn var s. l. nóvember, var mál þetta ýtarlega rætt, og kom fram einhliða álit um, að reynt yrði hið allra fyrsta að ráða bót á þessu vandamáli, en að það yrði vart framkvæmanlegt nema með lögum um gæðamat. Var svo hljóðandi tillaga samþykkt:

„Stofnfundur Æðarræktarfélag Íslands, haldinn í Bændahöllinni 29. nóvember 1969, skorar á Alþingi það, er nú situr, að setja þegar í stað lög um gæðamat á æðardún og skipa mann í þann starfa, ekki síðar en á næsta vori, og þá eftir ábendingu Búnaðarfélag Íslands.“

Æðarræktarfélag Íslands leyfir sér því hér með að fara þess á leit við hið háa Alþingi, að það hlutist til um, að sett verði lög um slíkt mat á æðardún sem um ræðir í tillögunni.

Reykjavík, 12. janúar 1970.

f. h. Æðarræktarfélag Íslands,

Gisli Kristjánsson. Sæm. Stefánsson.